

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 50.fundar verkefnahóps BsVest, fundurinn var haldinn þann 29. júlí 2015 kl: 09:00.

Fundurinn var símafundur, mættar voru: Margrét Geirsdóttir, Ísafjarðarbæ, Elsa Reimarsdóttir, Vesturbyggð, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Bolungarvík, María Játvarðardóttir, Strandabyggð, mætti 10:00 og Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest, sem einnig ritaði fundargerð.

Eitt mál var fyrir fundinn.

1. Skýrsla R3-ráðgjafar um „Endurmat í málefnum fatlaðra, Vestfirðir“, lögð fram til kynningar.

Verkefnahópur kom sér saman um minnispunkta varðandi 8. lið bls. 4. í skýrslu R3 – ráðgjafar, en einnig lagði félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar fram eftirfarandi bókun: Vegna 8. liðar skýrslu R3 - ráðgjafar, bls. 4., þar sem lagt er til að BsVest taki tiltekna rekstrar- og þjónustupætti til skoðunar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við þátt sem varðar möguleika á því að leysa þjónustu á Hólmavík með hagkvæmari hætti. Með vísan til gildandi kjarasamninga um hámarks vinnutíma og IX kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er ljóst að kostnaði verður ekki haldið niðri til framtíðar með sama hætti og nú er gert. Því er hvatt til að kostnaður verði reiknaður vegna búsetuþjónustunnar með þeim hætti að ákvæðum kjarasamninga og laga verði fylgt í hvívetna. Jafnframt er lagt til að leitað verði til lögfræðings í kjaradeild Sambands Íslenskra sveitarfélaga til þess að fá úr því skorið hvort svigrúm sé innan gildandi kjarasamninga fyrir úrræðinu sem beitt í búsetuþjónustunni á Hólmavík.

Verkefnastjóra falið að ganga frá bókuninni í samræmi við umræður á fundinum og senda verkefnahópi til yfirlestrar. Minnisblað/greinargerð verður svo lögð fyrir stjórn BsVest, framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaganna.

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest